

Ed.

1009. Nefndarálit

[174. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals um þetta mál fulltrúa frá sjávarútvegsráðuneyti og Hafrannsóknastofnun.

Nefndin hefur orðið sammála um að standa að samþykkt frumvarpsins óbreytts eftir að sjávarútvegsráðuneytið hefur með bréfi staðfest ákveðnar reglur, sem gilda skulu um skarkolaveiðar í Faxaflóa.

Bréf sjávarútvegsráðuneytisins er birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 20. maí 1981.

Stefán Guðmundsson,
form., frsm.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Guðm. Bjarnason.

Guðm. Karlsson.

Egill Jónsson.

Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal

Til sjávarútvegsnefndar
efri deildar Alþingis
Alþingi

21. maí 1981.

Sjávarútvegsráðuneytið staðfestir, að eftirgreindar reglur munu gilda um skarkolaveiðar í Faxaflóa, verði staðfest frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979 (mál 174).

1. Heildarafli skarkola fari ekki yfir 1500 lestir, en veiðarnar stöðvaðar fyrr, telji Hafrannsóknastofnunin ástæðu til þess vegna ástands stofnsins.
2. Aldrei stundi veiðarnar fleiri en sex bátar samtímis og löndun skarkolaafila verði í mesta lagi bundin v'ð þrjár vinnslustöðvar.
3. Veiðar skulu í fyrsta lagi hefjast 15. júlí.
4. Veiðisvæði verði hin sömu og tilraunaveiðarnar fóru fram á sumarið 1980 og ekki rýmkuð nema að undangengnum tilraunum undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar og samkvæmt tillögum stofnunarinnar.

5. Gerðar verði frekari tilraunir með 170 mm möskva í dragnót og samanburður fenginn á afla úr þeirri nót og nót með 155 mm möskva, sem verði lágmarks-möskvastærð við veiðarnar.
6. Hluti bolfisks fari ekki yfir 15% af heildarvikuafla hvers báts. Afli umfram 15% verði gerður upptækur samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.
7. Eftirlit með þessum veiðum verði með svipuðum hætti og var sumarið 1980 og brot á þeim reglum, sem um veiðarnar gilda, varði fyrirvaralausri sviptingu leyfis.

Ofangreindar reglur munu gilda um veiðarnar og ekki vikið frá þeim nema í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Reglur þessar verða skoðaðar fyrir vertið hverju sinni með hliðsjón af fenginni reynslu frá árinu áður. Enn fremur gætu tilraunir í sumar með 170 mm möskva leitt til þess, að 170 mm möskvi yrði alfarið tekinn upp í dragnót sumarið 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Jón B. Jónasson.